

*Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 4/1995
(Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 39/1994)*

Samtök dagmæðra gegn Samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 29. desember 1994, hefur Guðrún A. Þorsteinsdóttir, lögfræðingur, fyrir hönd Samtaka dagmæðra áfrýjað [ákvörðun Samkeppnisráðs frá 5. desember 1994, nr. 39/1994](#). Ákvörðunin felur í sér höfnun á beiðni áfrýjanda um að fá undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga, er banna útgáfu leiðbeinandi gjaldskrár.

Áfrýjandi krefst þess að ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 39/1994 verði hnekkkt og að veitt verði undanþága frá ákvæðum samkeppnislaga, er banna útgáfu leiðbeinandi gjaldskrár, með vísan til b. liðar 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Talsmaður Samkeppnisráðs krefst þess [að] ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 39/1994 verði staðfest með vísan til forsendna.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir hjá nefndinni, þann 9. janúar 1995. Aðilar gerðu munnlega grein fyrir máli sínu fyrir nefndinni, þann 12. janúar s.á. og var málið tekið til úrskurðar að því loknu.

II.

Málavextir eru þeir að með bréfi, dags. 11. maí 1993, fóru Samtök dagmæðra í Reykjavík, Kópavogi, Akranesi, Suðurnesjum og Hafnarfirði þess á leit við Samkeppnisstofnun að þeim yrði veitt undanþága frá banni við útgáfu á leiðbeinandi gjaldskrá.

Í ágúst 1993 leitaði Samkeppnisstofnun umsagnar nokkurra aðila vegna erindis Samtaka dagmæðra. Leitað var til Dagvistar barna í Reykjavík, Félagsmálaráðuneytisins, leikskólafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar, félagsmálastjóra

Kópavogs, Neytendasamtakanna, bæjarskrifstofu Keflavíkur og félagsmálastofnun Akraness. Umsagnir bárust frá öllum nema síðast töldum. Í umsögnum Dagvistar barna í Reykjavík, Félagsmálaráðuneytisins og Félagsmálastofnunar Keflavíkur er mælt með því að dagmæðrum verði veitt undanþága frá banni við útgáfu leiðbeinandi gjaldskrár. Leikskólafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar tók ekki afstöðu til málsins og Neytendasamtökin og Félagsmálastofnun Kópavogs mæltu ekki með því að dagmæðrum væri veitt slík undanþága.

Með bréfi til Samtaka dagmæðra í Kópavogi, dags. 17. ágúst 1994, gerði Samkeppnisstofnun grein fyrir stöðu málsins, til hverra hefði verið leitað umsagnar og að Samkeppnisráð tækji málið til afgreiðslu innan skamms. Ennfremur var Samtökum dagmæðra í Kópavogi gefinn kostur á að koma á framfæri frekari rökum eða athugasemdum fyrir 29. ágúst 1994.

Á fundi Samkeppnisráðs þann 5. desember 1994 var erindi áfrýjanda tekið fyrir og afgreitt með ákvörðun nr. 39/1994. Í ákvörðunarorðum segir m.a.:

„Samkeppnisráð telur ekki að Samtök dagmæðra hafi sýnt fram á það í þeim gögnum sem hafa verið afhent að erindi um undanþágu til útgáfu leiðbeinandi gjaldskrár fyrir dagmæður uppfylli skilyrði 16. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 sem sett eru fyrir undanþágu frá bannákvæðum 10., 11. og 12. gr. laganna...“

Þá segir:

„Beiðni Samtaka dagmæðra um undanþágu frá 10. gr. og 12. gr. samkeppnislaga 8/1993 er hafnað.“

Ákvörðun nr. 39/1994 var send áfrýjanda þann 5. desember 1994.

III.

Áfrýjandi byggir kröfu sína, um að ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 39/1994 verði hnekkt, og að veitt verði undanþága frá bannákvæðum samkeppnislaga varðandi gjaldskrár, á ákvæði b. liðar 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga. Áfrýjandi telur að jákvæð áhrif leiðbeinandi gjaldskrár fyrir þjónstu dagmæðra vegi

þyngra en ókostir. Að mati áfrýjanda myndi frjáls samkeppni á þessu sviði leiða til þess að börnum væri mismunað eftir efnahag foreldra sinna og þau efnaminni fengju lélegri þjónustu. Áfrýjandi telur að val foreldra á dagmóður eigi að ráðast af aðbúnaði og aðstæðum hjá dagmóður en ekki mismunandi gjaldi.

Áfrýjandi bendir á að neytendur þeirrar þjónustu, sem hér um ræðir, séu börn og foreldrar þeirra. Huga verði að hagsmunum barnanna því að þau geti ekki tjáð sig um hvort öllum þörfum sé fullnægt.

Þá er það mat áfrýjanda að óeðlilegt sé að börn sem vistist hjá dagmæðrum séu talin vera samkeppnisvara en ekki börn sem vistast í leikskólum. Milli leikskóla sé engin samkeppni, þar fái allir sömu þjónustu fyrir sama gjald.

Að mati áfrýjanda er ýmislegt sem gerir stöðu dagmæðra sem sjálfstæðra atvinnurekenda nokkuð sérstaka. Ákveðnar reglur gilda um daggæslu barna í heimahúsum, m.a. reglur um fjölda barna hjá hverri dagmóður. Þá fái einstæðir foreldrar niðurgreidd dagvistunargjöld frá sveitarfélögum og við það sé tekið mið af gjaldskrá leikskóla.

Áfrýjandi telur að með leiðbeinandi gjaldskrá verði betur stuðlað að tilgangi og markmiði samkeppnislaga, tryggður verði hagur neytenda og atvinnulífsins sem muni skapa stöðugt og jákvætt umhverfi fyrir foreldra, börn og dagmæður.

Samkeppnisráð bendir á að meginreglan í samkeppnislögum sé bann við samningum um verð, hvort heldur þeir eru bindandi eða leiðbeinandi, og að allar undantekningar frá þeirri meginreglu beri að túlka þröngt.

Samkeppnisráð leggur áherslu á að skýrar reglur gildi um aðbúnað og skyldu dagmæðra og að sveitarfélög annist eftirlit með þjónustu þeirra. Að mati ráðsins á gjaldtaka dagmæðra ekki að þurfa að tengjast þeim kröfum sem stjórnvöld gera til þjónustu þeirra.

Samkeppnisráð bendir á að þjónusta dagmæðra sé atvinnustarfsemi í skilningi samkeppnislaga. Því til stuðnings bendir ráðið á að dagmæður geti nýtt sér skattfrádrátt eftir sömu reglum og gilda um annan atvinnurekstur.

IV.

Ákvæði 16. gr. samkeppnislaga felur í sér heimild til að veita undanþágu frá bannákvæðum laganna að vissum skilyrðum fullnægðum. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur ekki hafa verið sýnt fram á að jákvæð áhrif leiðbeinandi gjaldskrár fyrir þjónustu dagmæðra vegi þyngra en ókostir slíkrar gjaldskrár, né að önnur skilyrði 16. gr. séu uppfyllt.

Ekki verður séð að betur verði að tilgangi og markmiði laganna með því að veita undanþágu fyrir hinni leiðbeinandi gjaldskrá.

Af ofangreindu leiðir að áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur ekki rétt að hnekkja hinni áfrýjuðu ákvörðun Samkeppnisráðs. Ber því að staðfesta ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 39/1994.

V.

Úrskurðarorð:

„Ákvörðun Samkeppnisráðs frá 5. desember 1994, nr. 39/1994 er staðfest.“